

2. gr.

102. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993, orðast svo:

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal hann þá sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna brota á ákvæðum 1., sbr. 2., mgr. 45. gr.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal svipting ökuréttar þá eigi vera skemur en eitt ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota og skal svipting ökuréttar þá vera eigi skemur en tvö ár. Ef bæði brotin varða við ákvæði 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. eða 3. mgr. 47. gr. skal svipting þó eigi vera skemur en þrjú ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Forsteinn Pálsson.

17. mars 1998

LÖG

Nr. 24

**um breytingar á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu,
með síðari breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. mgr. 21. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Skipunartími formanns skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.

2. gr.

Við 3. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Skipunartími formanns skal takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Gjört í Reykjavík, 17. mars 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Ingibjörg Pálmadóttir.